

GJALDSKRÁ**Rafveitu Akureyrar.****RAFORKUVERÐ.**

	Fast gjald kr/ár	Aflgjald kr/kW/ár	Orkugjald kr/kWh
Almennir taxtar.			
A1 Almenn heimilisnotkun	1 707,00		4,17
A2 Almenn notkun. Öll almenn notkun ótalin annars staðar ..	1 707,00		4,74
A3 Mannvirkjagerð	1 707,00		6,70
Afltaxtar.			
B1 Afl- og orkumæling	3 413,00	5 913,00	1,29
B2 Sértaxti Gefjunar	3 413,00	5 997,00	0,70/0,63
B3 Götu- og hafnarlýsing			
Hitataxtar.			
C1 Rofin daghitun. Roftími 2×1,30 klst.	3 413,00		1,54
C2 Rofin næturhitun. Roftími 15 klst. á tímab. kl. 06 til 24	3 413,00		1,29
C3 Órofin hitun	3 413,00		3,29/2,06

Heimtaugargjöld.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Jarðstr. mm ²	Málstr. A.	Heimtaugargjöld	
		220 V kerfi kr.	380 V kerfi kr.
1× 6	25	8 120,00	8 120,00
3; 10	63	30 024,00	30 024,00
3× 50	125	47 077,00	49 431,00
3× 95	200	70 615,00	98 273,00
3×150	260	89 446,00	125 931,00
3×240	315	117 692,00	164 770,00
3×300	400	153 000,00	211 846,00

Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald kr.	Lengdargjald	
		Jarðstrengur kr/m.	Loftlína kr/stólpi
63 A 1-fasa	5 461,00	806,00	10 240,00
63 A 3-fasa	7 646,00	806,00	11 877,00
100 A 3-fasa	8 055,00	1 066,00	13 653,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug, og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi, hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínu í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Ýmis ákvæði.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 611,00.
Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki enduropnuð fyrir en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 611,00.
3. Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum ef úttekið launafl nemur 50% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 30 mín. meðalgildi afls.
4. Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innifalinn í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari að undanteknum C-liðum.

Skýringar.

- A1 Taxti fyrir almenna heimilisnotkun. Heimilt er einnig að nota taxtann fyrir sjúkrahús og önnur dvalarheimili.
- A2 Taxti fyrir almenna notkun, sem ekki er getið um annars staðar.
- A3 Taxti fyrir alla skammtímanotkun vinnuvéla, vinnuljósa og annars í sambandi við mannvirkjagerð.
- B1 Iðnaðartaxti. Þar sem vélaafl er að lágmarki 30 kW og nýtingartími minnst 1000 klst. á ári.
Þessi taxti er ætlaður sem vélataxti en er þó heimilt í vissum tilvikum að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni og bætist þá við gólfflatargjald, 68,00 kr/m².
Ef sú notkun er óeðlilega stór hluti af heildarnotkuninni, er heimilt að margfalda gólfflatargjaldið samkv. ákvörðun rafveitunnar.
- B2 Taxti fyrir sölu á 11 kV.
- B3 Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu er ákveðið af bæjarstjórn.
- C1 Rofin daghitun. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
- C2 Rofin næturhitun. Straumur er rofinn á tímabilinu 08 til 23.
- C3 Órofin hitun.

Önnur notkun.

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 523, 27. nóvember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 22. nóvember 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ**um bann við línuveiðum á Breiðafirði.**

1. gr.

Frá og með 29. janúar til og með 31. mars 1988 eru allar línuveiðar bannaðar á Flákanum í Breiðafirði sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 65°13'00 N — 24°46'06 V
2. 65°17'54 N — 24°01'18 V
3. 65°07'28 N — 23°46'37 V
4. 65°02'49 N — 24°17'06 V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. janúar 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.